

Reykjavík, 10. apríl, 2017

Kæru formenn og stjórnarmenn hlaupahópa,

FRÍ leitar til ykkar í von um að finna einstaklinga, bæði konur og karla, sem vilja gerast mælingamenn fyrir keppnishlaup. Um er að ræða formlegt námskeið á vegum AIMS (Association of International Marathons and Distance Races) í að mæla vegalengdir og taka út framkvæmd keppnishlaupa. Stefnt er að því að halda námskeiðið seinnihluta júní næstkomandi og kennarinn, Hugh Jones, kemur frá AIMS. Námskeiðið er tvíþætt, bóklegt með kennslu í hvernig á að framkvæma mælingar og einnig verklegt (götumælingar).

Í dag eru fjórir virkir, viðurkenndir mælingamenn á Íslandi og þennan hóp þarf að stækka með auknum fjölda hlaupaviðburða. Einnig er ljóst að þörf er á að útvíkka hlutverk mælingamanna þ.a. þeir komi líka að eftirliti á framkvæmd hlaupanna eins og reglur IAAF kveða á um. Það er því mikilvægt fyrir áframhaldandi vöxt í hlaupasamfélaginu að við stæknum og eflum þennan hóp. Við leitum til aðildafélaga FRÍ og forráðamanna hlaupahópa um að tilnefna einstaklinga sem hafa áhuga á að taka þetta ábyrgðarfulla hlutverk að sér.

### Hvað gera mælingamenn:

Mælingamenn sjá um að mæla vegalengdir fyrir keppnishlaup, skila skýrslu um mælinguna og taka út framkvæmd hlaupsins svo hlaupshaldari fái hlaupið viðurkennt. Hlaupshaldarinn sækir um mælingu til FRÍ (sjá [hér](#)) og greiðir svo mælingamönnunum beint fyrir þessa þjónustu. Launin eru ca. 4.000-8.000 kr/pr km - skemmtileg og góð aukavinna fyrir alla áhugamenn/konur um hlaup á Íslandi!

Krafa er gerð um tölvukunnáttu og reiðhjól. Nánar má lesa um hlutverk og skyldur mælingamanna [hér](#) og nánar [hér](#).

**Tímasetning:** 2 dagar á tímabilinu 19. – 25. júní, nánari dagssetning liggur fyrir síðar.

**Verð fyrir námskeiðið:** ca. 25.000 kr. m.v. 10 þátttakendur. Ef fjöldi þátttakenda verður fleiri eða færri þá mun verðið taka mið af því.

**Staðsetning:** Salur Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal

**Kennari** á námskeiðinu er Hugh Jones frá AIMS Secretary

**Skráning** fer fram á [langhlaupanefnd@fri.is](mailto:langhlaupanefnd@fri.is) til og með 1. maí

Nánari upplýsingar veitir langhlaupanefnd FRÍ, netfang [langhlaupanefnd@fri.is](mailto:langhlaupanefnd@fri.is) og Tonie í síma 898 0698

Kveðja,

Langhlaupanefnd FRÍ

